

Hraðhleðslustöð OV á Ísafirði

Til : Heiða Hrund Jack
Frá : Þórður J Skúlason <thjs@ov.is>
Heiti : Hraðhleðslustöð OV á Ísafirði
Málsnúmer : 2020050004
Málsaðili : Orkubú Vestfjarða ohf.
Skráð dags : 30.04.2020 16:02:13
Höfundur : Þórður J Skúlason <thjs@ov.is>

Viðhengi [Hraðhleðslustöð 3 á Ísafirði.pdf](#)[Hraðhleðslustöð 3 á Ísafirði.pdf](#)
[Hraðhleðslustöð 1 og 2 á Ísafirði.pdf](#)[Hraðhleðslustöð 1 og 2 á Ísafirði.pdf](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæl Heiða.

Orkubú Vestfjarða hefur áhuga á að setja upp nú í sumar eina hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla í miðbænum á Ísafirði.

Ætlunin er að hafa 2 breið bílastæði (sambærileg stæðum fyrir fatlaða) fyrir rafmagnsbíla, tengikassa fyrir rafmagn og hraðhleðslustöð sem verður í skýli sem við áætlum að geti verði um 1400mm x 1000mm, hafi þrjár hliðar og verði á steypnum grunni.

Meðfylgjandi eru tvær rissmyndir af staðsetningum fyrir bílastæði (grænn flötur) og skýli + tengikassi (blár flötur) sem ég hef áhuga á.

Svæðið í kringum lóðina við Hafnarstræti 17, sjá svæði merkt 1 á mynd gæti verið mjög góður staður, svæði merk 2 á mynd væri líka góður kostur, en það má einnig skoða aðra möguleika á þessu svæði.

Einnig var ég að skoða svæði merkt 3 á teikningu.

Mögulega má finna aðra staði til að setja þetta á en þessir og sérstaklega svæðið við Hafnarstræti 17 virðast henta vel ef miðað er við hvernig heppilegt er að láta stæðin/skýlin snúa (með tilliti til vindáttar), fjarlægð til að leggja rafmagn að og nálægð við þjónustu í miðbænum.

Nú veit ég ekki hver hefur umráðarétt yfir þessum lóðum sem ég er með í huga, bið þig að skoða málið og fræða mig um lóðirnar, segja til um hvort þetta er einhver möguleiki sem ég er að nefna hér og gefa mér ráð og ábendingar hvernig ég á að fara að til að fá lóð.

Með kveðju

| | | |
|---|--|---|
| <p>Þórður J. Skúlason eftirlitsdeild +354 450 3207 / 892 8068 thjs@ov.is</p> | <p>Orkubú Vestfjarða ohf. Stakkanesi 1, 400 Ísafirði +354 450 3211 www.ov.is</p> |  |
|---|--|---|